

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á pistasíum og afurðum úr þeim frá Íran.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á pistasíum og afurðum úr þeim sem upprunnar eru frá Íran og ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum, nr. 662/2003.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn eftirtalin matvæli sem upprunin eru frá Íran:

- Pistasíur sem falla undir tollskrárnumér 0802.5000 (hjartaaldin).
- Ristaðar pistasíur sem falla undir tollskrárnumér 2008.1900.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar rekjanlegu heilbrigðis- og/eða rannsóknvottorði frá þar til bærum aðila í útflutningslandinu til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum, nr. 662/2003.

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum, nr. 662/2003. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Um eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar fer skv. ákvæðum laga um matvæli nr. 93/1995, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 og með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka (ákvarðanir 1997/830/EB og 2003/551/EB).

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 24. nóvember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.